

Alþingi  
Atvinnuveganefnd,  
sent á [nefndasvid@nefndasvid.is](mailto:nefndasvid@nefndasvid.is)

Ísafirði 29. maí 2020

*Umsögn frumvarp til laga um ferðagjöf, mál 839, 150. löggjafarþing.*

Vestfjarðastofa lýsir ánægju með markmið þessa frumvarps, sem hluti af átaki stjórnvalda til að mæta efnahagslegum áhrifum af heimsfaraldi kórónuveiru. Hér er fjármagni beint að þeim hluta ferðaþjónustu sem sinnir innanlandsmarkaði og er hvatning til einstaklinga að ferðast innanlands.

Vestfjarðastofa gerir hinsvegar alvarlega athugasemd við ákvæði 1. gr frumvarpsins, um að gildistíma ferðagjafar sé einungis settur til og með 31. desember 2020 og krefst þess að gildistíminn verði framlengdur til 31. maí 2021.

Vestfjarðastofa byggir þessa athugasemd á viðbrögðum, sem Markaðstofa Vestfjarða hefur fengið til sín frá ferðaþjónustuaðilum á Vestfjörðum. Hafa þeir aðilar unnið markvisst á síðustu árum að byggja upp vetrarferðaþjónustu með ágætum árangri og náð þannig að draga úr árstíðarsveiflu.

Meginþungi vetrarferðaþjónustu s.s. afþreyingar sem er í boði, er á tímabilinu desember til apríl og lengur ef veðuraðstæður leyfa. Hættan er því sú að ferðaþjónustuaðilar sem leggja áherslu á vetrarferðaþjónustu, verða nær alveg afskiptir í átaki stjórnvalda um ferðagjöf. Reikna má að hið sama gildi fyrir ferðaþjónustuaðila víðar um land.

Minnt er á að stefna stjórnvalda hefur um langa hríð verið að jafna árstíðarsveiflu í ferðaþjónustu. Þannig hefur verið unnið markvisst að efla heilsársferðaþjónustu með áherslu á vetrartímamann, nú síðast með áttakinu „Ísland allt árið“. Ákvæðið 1. gr frumvarpsins um gildistíma ferðagjafar er því úr takti við stefnumörkun stjórnvalda um heilsársferðaþjónustu.

Því er ítrekuð sú krafa að í umfjöllun atvinnuveganefndar um frumvarp til laga um ferðagjöf, verði ákvæði 1. gr, um gildistíma ferðgjafar tekið til endurskoðunar.

f.h. Vestfjarðastofu



Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri.